



Grasagarðar Vestfjarða

Söfnunar og sýningarstefna
Október 2011 – Október 2015

Grasagarðar Vestfjarða 2011

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Stjórnskipulag.....	3
3. Markmið.....	3
4. Söfnunarsvæði og aðstaða	3
5. Söfnunarstefna.....	4
6. Aðferðir við söfnun og forvörslu	4
6.1 Aðferðir við söfnun	4
6.2 Móttaka gjafa.....	4
6.3 Forvarsla og merking gripa	4
6.4 Grisjun.....	5
7. Sýningastefna	5
7.1 Innihald sýninga.....	5
7.2 Skipulag sýninga	5
7.3 Núverandi sýningar	5
7.4 Fastar sýningar	6
8. Fræðslustefna	6
8.1 Almenn.....	6
8.2 Safnkennsla	6
8.3 Útgáfa og framleiðsla	6
8.4 Samstarf.....	6

1. Inngangur

Grasagarðar Vestfjarða voru stofnaðir árið 2010 þegar sýningarreitur var settur upp í miðbæ Bolungarvíkur, en voru vígðir með hátíðarhöldum í ágúst 2011. Grasagarðarnir eru safn tegunda sem eiga það sameiginlegt að vaxa á Vestfjörðum. Safnið starfar samkvæmt safnalögum nr 106/2001 og siðareglum ICOM. Grasagarðar Vestfjarða eru í eigu Náttúrustofu Vestfjarða og hefur verið settur upp sýningarreitur í miðbæ Bolungarvíkur sem Bolungarvíkurkaupstaður útvegaði safninu. Grasagarðar Vestfjarða hafa gert samning við Melrakkasetur Íslands um að setja upp annan sýningarreit þar en á stefnuskránni er að setja upp reiti víðsvegar um Vestfirði.

2. Stjórnskipulag

Grasagarðar Vestfjarða eru í eigu Náttúrustofu Vestfjarða og er í umsjón hennar. Safnið er með sjálfstæðan fjárhag en heyrir stjórn safnsins undir stjórn Náttúrustofu Vestfjarða. Safna- og sýningarstefnu Grasagarða Vestfjarða skal endurskoða og samþykkja á fjögurra ára fresti.

3. Markmið

Markmið Grasagarða Vestfjarða er að safna og varðveita íslenskar plöntutegundir; blómplöntur, byrkninga og mosa og þá sérstaklega vestfirskar. Sett er upp sýning sem miðlar þekkingu á sérstöðu gróðurfars á Vestfjörðum og auðveldar fólki að kynnst þeim gróðri sem er á svæðinu. Með markvissri söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum og sýningum er hlutverki Grasagarðanna náð til að tryggja menningar- og náttúruarf Vestfjarða. Það styrkir safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs, ásamt því að gera safnkostinn aðgengilegri almenningi og fræðimönnum.

4. Söfnunarsvæði og aðstaða

Söfnunarsvæðið er einungis Vestfirðir. Lífríkið er breytilegt á Vestfjörðum vegna veðurfræðilegra aðstæðna, svo erfðafræðilegi breytileikinn getur verið mikill. Þess vegna er ástæða til að varðaveita mismunandi kvæmi af sömu tegundunum frá ýmsum stöðum. Ekki er um neitt sérstakt tímabil að ræða, enda gróður tímalaus. Grasagarðar Vestfjarða hafa mjög góða aðstöðu hjá Náttúrustofu Vestfjarða til rannsókna, þar sem er starfræk rannsóknarstofa. Safnið stuðlar að, hvetur til og styður við rannsóknir í samræmi við söfnunar- og sýningastefnu þess.

5. Söfnunarstefna

Grasagarðar Vestfjarða leggja áherslu á að safna blómplöntum, byrkningum og mosum sem vaxa á Vestfjörðum.

Árið 2010 var byrjað að safna í sýningarreit garðanna og í árslok 2011 voru 165 blómplöntur skráðar í safnið ásamt 18 eintökum af byrkningum og einu eintaki af mosa. Stefnt er að því að fjölga eintökunum jafnt og þétt næstu ár, ásamt því að safna fleiri en einu eintaki af hverri tegund, frá mismunandi stöðum af Vestfjörðum.

6. Aðferðir við söfnun og forvörslu

6.1 Aðferðir við söfnun

Safnið fer í söfnunarferðir til að ná í eintök í sýningarreitinn. Farið er á fyrirfram ákveðna staði, allt eftir því hvaða gróðurlendi sú planta eða mosi vex í, sem leitað er að. Þar er tekið GPS staðsetningarhnit og eintakið greint. Því næst er farið með plöntuna/mosann í sýningarreit Grasagarðanna og hún sett í beð, þar sem hennar ættkvísl er staðsett. Í lokin er eintakið sett inn í gagnagrunn og loks fær plantan/mosinn merki sem lýst verður í kafla 6.3. Þessi söfnunaraðferð verður áfram notuð og hentar hún ágætlega fyrir þessa gerð safna.

6.2 Móttaka gjafa

Grasagarðar Vestfjarða taka ekki við safneintökum frá einstaklingum og stofnunum, nema GPS staðsetningarhnit frá fundarstað fylgi eintökunum.

6.3 Forvarsla og merking gripa

Safnaðar tegundir eru skráðar inn í aðfangaskrá garðanna. Þar fær hvert eintak sitt númer og það merkt með nafni á íslensku, ensku, þýsku og latínu. Upplýsingar um vaxtarstað á ensku og íslensku eru skráðar ásamt GPS staðsetningarhniti og fleiri upplýsingum sem vert er að setja fram. Með þessu er hægt að gera fjölmargar rannsóknir á mismunandi kvæmum og vaxtarstöðum víðsvegar um Vestfirði. Þessi merkingaraðferð verður áfram notuð og hentar hún ágætlega fyrir þessa gerð safna.

Þurrkaðar plöntur (herbarium) eru geymdar í safni á Náttúrustofu Vestfjarða sem stefnt er að gera sýnilegt gestum á næstu árum.

6.4 Grisjun

Grisjun er nauðsynleg í grasagörðum til að halda garðinum í ásættanlegu sýningarformi. Sumar tegundir fjölga sér mikið og dreifa úr sér og mun þeim verða haldið í skefjum. Komist verður hjá því að algjörlega eyða plöntum sem tilheyra safninu, en tekið verður hluti af þeim til förgunar. Annars verður hagað söfnun þannig að komist verði hjá grisjun. Erfitt getur verið að farga eintökum sem skráð hafa verið í safnið og verður það ekki gert nema í undantekningartilfellum, til dæmis ef eintakið hefur drepist.

7. Sýningastefna

7.1 Innihald sýninga

Allar sýningar skulu vera skemmtilegar og fræðandi og taka tillit til allra þjóðerna og aldurshópa. Sýningar Grasagarða Vestfjarða tengjast söfnunarstefnu þess. Gera má ráð fyrir að sýningar vaxi og að umfangi og gæðum og að áherslubreyting verði í eldri sýningum um leið og nýjar verða til.

Á stefnuskránni er að setja upp sýningu á harðgerðum plöntum sem verða viðutan í Grasagörðum. Safnað verður plöntum sem vaxa við erfiðar aðstæður á Vestfjörðum, svo sem í mjög blautu eða grýttu svæði, til fjalla og í gljúfrum og á melum. Þessar tegundir eru til dæmis af ætt steinbrjóta (*Saxifragaceae*). Á Vestfjörðum (og á Austfjörðum) vaxa margar tegundir sem hafa landfræðilega sérstöðu, sem tengist oft veðurfræðilegum aðstæðum, líkt og burknar. Þessar tegundir eru sjaldnast aðgengilegar almenningi og sjaldséðar. Grasagarðar Vestfjarða ætla setja upp sýningu sem inniheldur lifandi og þurrkaðar plöntur af mismunandi stöðum af Vestfjörðum. Þessar upplýsingar verða svo notaðar til sýninga í Grasagörðunum en einnig til rannsókna á plöntum í framtíðinni. Settar verða upplýsingar hjá hverju eintaki sem tilgreina: nafn, hvar plantan fannst og einkennisnúmer hennar sem vísar í aðfangabók.

7.2 Skipulag sýninga

Sýningar skulu skipulagðar tvö ár fram í tímann. Undirbúningur og framkvæmd sýninga skal vera unnin faglega undir eftirliti sérstakrar verkefnastjórnar.

7.3 Núverandi sýningar

Aðeins eru fastar sýningar í dag í Grasagörðum Vestfjarða sem verður fjallað um í kafla 8.4.

7.4 Fastar sýningar

Vestfirskur gróður

Í dag eru í safni Grasagarða Vestfjarða 165 blómplöntur skráðar, ásamt 18 eintökum af byrkningum og einu eintaki af mosa. Stefnt er að því að fjölga þeim jafnt og þétt ásamt því að endurnýja stöðugt tegundir sem drepast.

8. Fræðslustefna

8.1 Almenn

Með sýningum safnsins er lögð áhersla á að fræða fólk um plöntur sem vaxa á Vestfjörðum. Safnið miðlar þekkingu á sérstöðu vestfirskra plötnutegunda og auðveldar fólk að kynnst þeim tegundum sem er á svæðinu. Með því að sýna fólk mismunandi plötnutegundir í lifandi mynd, upplifir fólk safnið með öllum skynfærum sínum; sjón-, lykt- og snertiskyni. Gerir það safnið skemmtilegra og eftirminnilegra fyrir gesti.

8.2 Safnkennsla

Ekki hefur nein safnkennsla átt sér stað í Grasagörðum Vestfjarða enn sem komið er, en áætlað er að bjóða nemendum upp á fræðslu um gróður og verkefni í framhaldi af því.

8.3 Útgáfa og framleiðsla

Stefnt er að því að búa til fræðslufni í formi bæklinga sem nýtist öllum aldurshópum og verður á nokkrum tungumálum. Með því verður Grasagarðurinn auglýstur og hann markaðssettur sem skemmtilegur og áhugaverður viðkomustaður í Bolungarvík sem vert er að heimsækja.

8.4 Samstarf

Grasagarðar Vestfjarða er eign Náttúrustofu Vestfjarða. Náttúrustofan sér um rekstur Náttúrugripasafns Bolungarvíkur og Sjóminjasafnsins Ósvör. Gott samstarf hefur verið á milli þessara safna, og ætlunin að halda því áfram. Grasagarðar Vestfjarða hafa gert samstarfssamning við Melrakkasetur Íslands um að setja upp sýningarreit þar sem verður gert á næstu árum. Grasagarðar Vestfjarða verða einnig í góðri samvinnu við menningarstofnanir á staðnum og í nágrennabyggðarlögum eftir föngum hverju sinni.